

**Sp.**

**70. Tillaga til þingsályktunar**

**[66. mál]**

um fjárhagslegan stuðning við upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Ragnhildur Helgadóttir, Ellert B. Schram.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að ríkissjóður veiti sérstakri upplýsinga- og rannsóknarstofnun verzlunarinnar hliðstæða fjármagnsfyrirgreiðslu og aðrar höfuðatvinnugreinar í landinu eru þegar aðnjótandi.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi grg.: „Í nútíma þjóðfélagi er öllum augljós sú brýna nauðsyn, sem á því er, að á hverjum tíma liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um stöðu allra aðalatvinnugreina þjóðfélagsins. Samtök í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði hafa sjálf, og með stuðningi ríkissjóðs, ráðizt í umfangsmikla upplýsingasöfnun og gagnavinnslu fyrir hlutaðeigandi atvinnugreinar. Auk þess eru reknar sérstakar rannsóknarstofnanir í þágu þessara atvinnugreina.

Eins og nú er háttað málum, er verzlunin mjög afskipt í þessum efnun. Verzlunin er ein af höfuðatvinnugreinunum og mjög margþætt, bæði að því er varðar mismunandi verzlunarstig, verzlunarform og tegund vöru og þjónustu. Höfuðáherzlu ber að leggja á ýtarlega könnun á afkomu og öðrum helztu rekstrarstærðum verzlunarinnar, hinum ýmsu starfsþáttum hennar og skipulagsupphýggingu, svo og framlagi verzlunarinnar til þjóðarbúskaparins og öðru, sem yrði til að auka almenna þekkingu á verzluninni í landinu og mikilvægu hlutverki hennar.

Mikilvægar og afdrifaríkar ákvarðanir hafa verið teknar í málefnum verzlunarinnar, án þess að nægjanlegar og haldgóðar upplýsingar hafi verið fyrir hendi. Þetta er að sjálfsögðu mjög bagalegt, bæði fyrir verzlunina sjálfa og ekki síður fyrir þá opinberu aðila, sem ákvörðunarvald hafa í verzlunarmálum. Nú liggja t. d. fyrir eindregnar óskir frá opinberum aðilum á hendur verzluninni um ýtarlegar upplýsingar um afkomu hennar. Eins og nú standa sakir, er borin von, að verzlunin geti orðið við þeim sjálfsögðu óskum, af því að veigamiklar upplýsingar um fjölmarga þætti verzlunarinnar skortir.

Um nokkurt skeið hafa umræður farið fram í og á milli helztu hagsmunasamtaka verzlunarinnar um stofnun sjálfstæðrar upplýsinga- og rannsóknarstofnunar verzlunarinnar í tengslum við samtökin. Þröskuldurinn í vegi framgangs málsins hefur verið fjármagnsskortur. Með samþykkt þeirrar tillögu, sem hér er flutt, væri gefið viljrði fyrir fjárhagslegum stuðningi hins opinbera, sem flutningsmenn eru sannfærðir um að nægja mundi til, að úr framkvæmd yrði, enda verður að telja, að verzlunin eigi siðferðilegan rétt á slíkum stuðningi til jafns við aðrar aðalatvinnugreinar þjóðarinnar.“